

## **2. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 15.07 2014, kl. 13.30**

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson, Eiríkur J. Kjerúlf boðaði forföll, ekki náðist að boða varamann.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

### **Dagskrá:**

#### **1. Skýrsla oddvita**

##### **2. Skóla-og mannvirkjamál**

- a) Drög að samningi um húsráð vegna sameiginlegs skólahúsnæðis á Hallormstað
- b) Bókun Bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs 07.07
- c) Drög að samþykkt fyrir Fræðslunefnd Fljótsdalshéraðs

#### **3. Hengifossvæðið.**

Tilboð Ræktunarsambands Flóa og Skeiða í borun neysluvatnsholu

#### **4. Gjaldskrá Brunavarna á Austurlandi**

#### **5. Drög að samningi við Umhverfisstofnun um refaveiðar 2014-2016**

#### **6. Laugarfellsskáli**

- a) Niðurstöður úr eldvarnarskoðun
- b) Önnur mál er varða Laugarfellsskála

#### **7. Héraðsskjalasafn Austfirðinga**

Drög að fjárhagsáætlun safnsins 2015, ásamt fylgigögnum.

#### **8. Bréf**

- a) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 04.07
- b) Bókun bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 27.06, tölvupóstur bæjarstjóra sama dag.
- c) VÍS, Methúsalem Einarsson umdæmisstjóri dags. 24.06
- d) Innanríkisráðuneytið/Jöfnunarsjóður sveitarfélaga dags. 28.05
- e) Innanríkisráðuneytið dags. 18.06
- f) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 12.05
- g) Tjörvi Hrafnkelsson og Sverrir Mar Albertsson dags. 15.05

#### **9. Umhverfisstyrkir**

Magnhildur Björnsdóttir, Víðivöllum ytri II

#### **10. Fjárbeiðnir**

- a) Tour de Ormurinn

- b) Æskulýðsdeild Freyfaða
- c) Hrókurinn

## 11. Fundargerðir

- a) Félagsmálanefnd 09.02
- b) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 08.07
- c) Landbótasjóður 12.06
- d) HAUST 15.05 og 25.06
- e) Brunavarnir á Austurlandi 23.06

## 12. Önnur mál

### 1. Skýrsla oddvita.

Síðasta skýrsla oddvita var bókuð í fundargerð 6. maí.

Oddviti var í sumarleyfi 10.- 13 júní og 23. júní til 4. Júlí, alls 14 daga, þar af var afleysing fyrrverandi oddvita á skrifstofu 10 dagar, en skrifstofan lokuð í 4 daga.

Oddviti mætti fyrir hönd Fljótsdalshrepps á fund starfsháttarnefndar Austurbrúar 5. júní, til umræðu var starfsemi Austurbrúar, en stjórn og starfsháttanefnd eru að meta hvernig starfsemin gangi. Tap er umfram áætlanir á starfseminni og mannaskipti í framkvæmdastjórstóli hafa verið tíð.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga opnaði ljósmyndavef í lok maí. Á ljósmyndavefnum eru 55 þúsund myndir.

Skólaslit Hallormsstaðaskóla voru 29. maí. Næsta skólaár verður skólalald nokkuð breytt og sökum fámennis verður skólinn rekinn sem deild í Egilsstaðaskóla. Í sumar er unnið að viðhaldi á kennslustofum skólans. Húsnæði leikskólans hefur verið dregið nokkuð saman, þar sem ekki er lengur gert ráð fyrir að íbúð á neðri hæð sé hluti af leikskólahúsnæði. Samkvæmt eftirlitsskýrslu HAUST frá því í maí eru gerðar nokkrar athugasemdir við skólahúsnæði og lóð, þær veigamestu við skólastofur.

Þjóðskrá Íslands hefur tilkynnt um skráningu eignaskiptayfirlýsingu skólamannvirkja á Hallormsstað og breytt mat. Nýtt mat hækkar nokkur fasteignamatið í heild. Íbúðir í skóla eru áfram að hluta eign ríkisins, en önnur skólamannvirki í jafnri eigu Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps.

Oddviti undirritaði þjónustusamning við Óbyggðasetur Íslands 6. júní.

Oddviti undirritaði samþykktir fyrir Ársali, fyrir hönd Fljótsdalshrepps 29. apríl, samþykktirnar koma í stað eldri samþykpta um dvalarheimili á Egilsstöðum. Hjá stjórn Ársala er í skoðun makaskipti við Fasteignir ríkissjóðs, þannig að húsnæði Ársala verði allt á jarðhæð Lagaráss 17, en nú er húsnæði Ársala bæði á jarðhæð og kjallara sem skapar óhagræði. Þá er unnið að uppsetningu minningarskjaldar um Sigmar frá Brekkugerðishúsum, en Sigmar ánafnaði dvalarheimilinu fjármuni sem stofnaður var sjóður um, en er nú verið að leggja hann niður og ráðstafa fjármunum úr sjóðnum til hagsbóta fyrir eldri borgara, eins og tilgangur sjóðsins sagði til um.

Framkvæmdaleyfi til Vegagerðarinnar vegna framkvæmda á vegi frá Brekkugerði í Arnheiðarstaði þ.e. efnistöku í námum var gefið út 16. Júní.

Verkfræðistofa Austurlands hefur tilkynnt um samrúma við EFLU verkfræðistofu og verður starfsemin rekin undir heitinu EFLA Austurland.

Héraðsskjalasafn Austfirðinga minnir á ný lög um opinber skjalasöfn , þar sem m.a. eru skilgreind hlutverk safna á borð við Héraðsskjalasafnið.

HAUST hefur gefið út starfsleyfi fyrir salerni við Hengifossá. Leyfið gildir til 3. sept 2017. Bent er á að vatnveita sé ekki viðurkennd sem neysluvatnsveita og minnst á að pappír hafi verið víð og dreif á milli trjána og bak við húsið. Salernin eru þrífir daglega og rusl týnt, svo ólíklegt er að rusl sé með þessum hætti oft fjúkandi um staðinn.

Línuborun kynnir með bréfi starfsemi sína og segir frá ýmsum verkefnum sem fyrirtækið hefur komið að s.s. borun fyrir 132 kw streng frá Nesjavöllum til Reykjavíkur 1,3 km.

Nýr sameiginlegur kynningarbæklingur Upphéraðsklasa hefur verið gefinn út. Gerð hafa verið drög að samkomulagi 15 aðila um að standa sameiginlega að því að fjölga ferðamönnum á svæðinu Hallormsstaður-Fljótsdalur, með sameiginlegri kynningu og efla ferðaþjónustu á svæðinu með virku samstarfi næstu þrjú árin. Fljótsdalshreppur er aðili að samstarfi Upphéraðsklasa.

Fljótsdalshreppur hefur tengt nýtt íbúðarhús á Skriðuklaustri ljósleiðarakerfi sveitarinnar. Gert var við til bráðabirgða við ljósleiðara sem slitnaði í Kelduá 6.júlí sl. Rarik undirbýr að afleggja rafstreng sem lá með ljósleiðaranum yfir Kelduá (og slitnaði 12.júní ) og leggja þess í stað rafstreng yfir Valþjófsstaðanes og Jökulsár-og Kvíslárbrú og tengja Suðurdal þannig við rafkerfi sitt. Vænlegt sýnist að Fljótsdalshreppur verði með í þeirri framkvæmd með ljósleiðaralögn og leggi af ljósleiðarastreng þann sem liggur yfir Kelduá og sífellt brýtur frá. Á síðasta ári var farið í aðgerðir við að koma í veg fyrir að áin sliti strengina, en dugði það ekki til.

Ferðamálastofa óskaði eftir tengilið Fljótsdalshrepps varðandi verkefni um kortlagningu auðlinda í ferðaþjónustu á Íslandi. Oddviti verður tengiliður vegna þessa.

Landssamband slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna hefur sent sveitarfélögum ályktanir frá þingi sambandsins 2014.

Sverrir Sv. Sigurðsson kynnir nýútkomna bók um Vatnajökulspjóðgarð, sem heitir “ Skrefin að Vatnajökulspjóðgarði“. Bókin er í boði án endurgjalds í rafrænu formi og má hlaða henni nður á vefnum : [www.seevatnajokull.com/bok](http://www.seevatnajokull.com/bok).

## **2. Skóla-og mannvirkjamál**

Farið yfir ýmis mál er varða skólarekstur og mannvirki á Hallormsstað. Sveitarstjórn samþykkir að Skólanefnd Hallormsstaðaskóla verði lögð niður og Fræðslunefnd Fljótsdalshéraðs taki yfir hlutverk hennar er varða fræðslumál. Fræðslunefndin fer með stjórn leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla samkvæmt lögum og reglugerðum um þá, í umboði bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs og sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps. Fljótsdalshreppur skipar 2 fulltrúa í nefndina sem sitja fundi nefndarinnar þegar málefni Hallormsstaðadeildar verða á dagskrá, með málfrelsi og tillögurétt. Stofnað verður sameiginlegt húsráð Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs um skólamannvirkin og tekur húsráðið m.a. við hlutverki er skólanefndin hefur gegnt gagnvart mannvirkjunum. Í húsráði sitja framkvæmdastjórnar sveitarfélaganna,

umsjónarmaður fasteigna á Fljótsdalshéraði verður starfsmaður ráðsins. Breyta þarf samþykktum Fljótsdalshrepps í samræmi við þessa tilhögun þegar mál hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnanna og ganga frá viðauka við gildandi samstarfssamning sveitarfélaganna um Hallormsstaðaskóla.

- a) Drög að samningi um húsráð vegna sameiginlegs skólahúsnæðis á Hallormstað. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur oddvita að rita undir samninginn.
- b) Bókun Bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs 07.07. Samþykkt stofnun húsráðs. Kynnt.
- c) Drög að samþykkt fyrir Fræðslunefnd Fljótsdalshéraðs. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi drög.

### **3. Hengifossvæðið.**

Tilboð Ræktunarsambands Flóa og Skeiða í borun neysluvatnsholu. Með aðstoð Hauks Jóhannessonar jarðfræðings hefur vænlegur staður fyrir borholu verið afmarkaður, Hjarðabólsmegin við ána. Verið er að vinna áætlun að lagningu vatnsveitu fyrir snyrtingar við Hengifossá, miðað við að af borun verði á umræddum stað. Samþykkt að taka tilboði frá Ræktunarsambandi og stefnt er að koma á varanlegri vatnsveitu á þessu ári, samráð verður haft við landeigendur og ábúanda. Reiknað er með að fjármagna verkið að mestu með styrk frá Ferðamálaráði.

### **4. Gjaldskrá Brunavarna á Austurlandi.** Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi gjaldskrá.

### **5. Drög að samningi við Umhverfisstofnun um refaveiðar 2014-2016.** Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að samningi og oddvita falið að undirrita samning

### **6. Laugarfellsskáli.** Breyting hefur orðið á eignarhaldi Laugarfell Highland Hostel, oddvita falið að kanna hvort breyta þurfi samningi við rekstraraðila vegna þessa.

- c) Niðurstöður úr eldvarnarskoðun. Kynnt, smávægilegar athugasemdir gerðar er varða lokun eldvarnarhurða.
- d) Önnur mál er varða Laugarfellsskála. Tjón varð á rafmagntækjum vegna spennusveiflu á rafmagni, verið er að meta tjónið. Skoðuð tillaga frá leigjendum um útsturtur fyrir laugargesti, verður unnið áfram með leigjendum.

### **7. Héraðsskjalasafn Austfirðinga.** Drög að fjárhagsáætlun safnsins 2015, ásamt fylgigögnum. Kynnt.

### **8. Bréf**

- a) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 04.07. Boðun landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 24. -26. sept, á Akureyri.
- b) Bókun bæjarráðs Fljótsdalshéraðs 27.06, tölvupóstur bæjarstjóra sama dag. Varðar það að dreifikerfi Landsnets sé þannig uppbyggt að það geti þjónað íbúum og atvinnulífi með fullnægjandi hætti.
- c) VÍS, Methúsalem Einarsson umdæmisstjóri dags. 24.06. Óskað er eftir að VÍS fái tækifæri til að gera tilboð í tryggingar sveitarfélagsins fyrir næstu endurnýjun þeirra. Samningur er við Sjónvá um tryggingar Fljótsdalshrepps og ánægja með þjónustu þeirra. Samþykkt að ekki verði gerð verðkönnun fyrir árið 2015.

- d) Innanríkisráðuneytið/Jöfnunarsjóður sveitarfélaga dags. 28.05. Kynnt. Varðar tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
- e) Innanríkisráðuneytið dags. 18.06. Kynnt. Varðar viðauka við fjárhagsáætlanir.
- f) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 12.05. Kynnt. Varðar fjármálastjórn sveitarfélaga.
- g) Tjörvi Hrafnkelsson og Sverrir Mar Albertsson dags. 15.05. Kynnt. Varðar stuðnig við svæðisbundna miðla- til íhugunar.

## 9. Umhverfisstyrkir

Magnhildur Björnsdóttir, Víðivöllum ytri II. Samþykktur hámarksstyrkur. Oddvita falið að kalla eftir kostnaðaráætlun fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir.

## 10. Fjárbeiðnir

- d) Tour de Ormurinn 2014. Samþykktur styrkur að upphæð kr. 50.000-
- e) Æskulýðsdeild Freyfaða. Samþykktur styrkur að upphæð kr. 50.000-
- f) Hrókurinn. Samþykktur styrkur að upphæð kr. 25.000-

## 11. Fundargerðir

- f) Félagsmálanefnd 09.02. Kynnt.
- g) Framkvæmdastjórn Skólaskrifstofu Austurlands 08.07. Í bókun framkvæmdastjórnar er tekið jákvætt í að Skólaskrifstofan fái heimild til þess að fjölga stöðum kennsluráðgjafa í grunn- og leikskólum með það að markmiði að bæta námsárangur í skólum á Austurlandi. Sveitarstjórn tekur undir bókunina. Í fundargerð kemur einnig fram að í undurbúningi er endurskoðun á samstarfssamningi um Skólaskrifstofuna.
- h) Landbótasjóður 12.06. Kynnt.
- i) HAUST 15.05 og 25.06. Kynnt.
- j) Brunavarnir á Austurlandi 23.06. Kynnt.

## 12. Önnur mál.

Varaoddvita falið að gera drög að starfssamningi við oddvita og leggja hann fyrir sveitarstjórn á næsta fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.05

Þorvarður ritað fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)